

Byggingarfulltrúi Eyjafjarðarsvæði

Óseyri 2 pósthólf 120 602 Akureyri

S. 4624477 8545350 bréfsími 4627144

Árið 2003 þriðjudaginn 20.maí kl. 1.30 e.h. kom byggingarnefnd Eyjafjarðar saman til 12. fundar að Óseyri 2 Akureyri. Formaður Hreiðar Hreiðarsson setti fundinn. Fyrir voru tekin eftirtalin erindi:

1. Erindi frá Sóleyju Sigdórsdóttir, Holtagötu 10 Akureyri, þar sem hún sækir um að byggja sumarhús úr timbri á lögbylinu Veturliðastöðum, Þingeyjarsveit samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá H.S.Á Teiknistofu. Með erindinu fylgir ljósrit af lóðarleigusamningi og bókun frá Sveitastjórn Þingeyjarsveitar dagssett 9.maí 2003.

Samþykkt.

2. Trésmíðaverkstæði Sveins Heiðars leggur fram fullunnar teikningar vegna byggingu parhús við Lækjarvelli 2-4 Grenivík, en teikningar eru frá arkitektúr.is, en erindið var einnig tekið fyrir í lið 2 á síðasta fundi. Borist hefur samþykki sveitastjórnar Grýtubakkahrepps á deiliskipulagi við Lækjarvelli.

Byggingarnefnd samþykkir fyrir sitt leyti erindið, með fyrirvara um samþykki Skipulagsstofnunar.

3. Borist hafa fullunnar teikningar frá Baldvini Sveinssyni vegna byggingar einbýlishús á lóð úr landi Brautarhóls Svalbarðsströnd, en teikningar eru eftir Birgi Ágússon.

Byggingarnend fjallaði áður um erindið á fundi sínum þann 6.maí 2003.

Byggingarnefnd gerir ekki athugasemdir við framlagðar teikningar og samþykkir erindið.

4. Ingvar Kristinsson sækir um leyfi til að byggja verkstæði og sambyggt alifuglahús, byggt upp með timburgrind og klædd að utan með furupanel. Teikningar eru frá Arkitekta- og verkfræðistofu Hauks ehf. Umsókninni fylgir erindi frá sveitastjórn Eyjafjarðarsveitar, sem hefur leytað umsagnar Skipulagsstofnunar og eru ekki gerðar athugasemdir við framkvæmdir.

Erindi frestað og vísað aftur til sveitastjórnar, þar sem ekki er samræmi á umsókn til sveitastjórnar Eyjafjarðarsveitar og framlagðra teikninga.

5. Erindi frá Félagsbúinu Espihóli Eyjarfjarðarsveit, þar sem sótt er um að breyta innréttingu eldra fjós í legubásafjós, samkvæmt teikningu frá Landstólpa ehf.

Erindi samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.40

Hreiðar Hreiðarsson
Kristján Kjartansson

Klængur Stefánsson
Bragi Pálsson

Jónas Baldursson
Þröstur Sigurðsson